

4.8.1 gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
31. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010

Kröfur (gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra)

Í grein 4.8.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 segir:

„Byggingarstjóri skal hafa gæðastjórnunarkerfi. Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér:

- a. Staðfestingu á hæfni og endurmenntun byggingarstjóra
- b. skrá um innra eftirlit byggingarstjóra vegna einstakra framkvæmda og lýsingu á því
- c. skrá yfir móttækin hönnunargögn
- d. skrá yfir leiðbeiningar og samskipti við byggingaryfirvöld og aðra eftirlitsaðila
- e. skrá yfir iðnmeistara og þá verkþætti sem þeir bera ábyrgð á, afrit af ábyrgðaryfirlýsingum þeirra sem og athugasemdir við störf þeirra
- f. skrá yfir áfangaúttektir og niðurstöður ásamt öryggisúttekt
- g. skrá yfir hönnunarstjóra, hönnuði og athugasemdir til þeirra vegna hönnunargagna
- h. skráningu á öðrum ákvörðunum og athugasemdum byggingarstjóra
- i. lýsingu á lokaúttekt og undirbúningi hennar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, frágangi handbókar, þ.m.t. er lýsing á verki og skrá um samþykkt hönnunargögn

Byggingarstjóri skal tilkynna Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar. Sé gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra ekki vottað af faggiltri vottunarstofu skal Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð þess og virkni.“

Leiðbeiningar

Leiðbeiningarnar eiga við um þá starfsemi byggingarstjóra sem fellur undir starfsleyfi hans samkvæmt byggingareglugerð.

Byggingarstjóri ber ábyrgð á allri framkvæmd við innleiðingu og rekstur gæðastjórnunarkerfis og að það sé samkvæmt settum reglum.

1 Gæðastjórnunarkerfi

Byggingastjóra ber að koma sér upp skilgreindu gæðastjórnunarkerfi þannig að tryggt sé að öll starfsemi hans sé samkvæmt reglum. Byggingastjóri fylgi byggingareglugerð, fyrir-mælum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og öðrum gildandi lögum og reglum, eftir því sem við á, í störfum sínum.

Í 1. mgr. 4.8.1 gr. byggingarreglugerðar segir: „Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér:“

- a „Staðfestingu á hæfni og endurmenntun byggingarstjóra“
 - vottorð og skjöl er varða starfsleyfi byggingastjóra
 - önnur vottorð og skjöl er varða menntun og hæfni byggingarstjóra
- b „skrá um innra eftirlit byggingarstjóra vegna einstakra framkvæmda og lýsingu á því,“
Byggingastjóri skal gera áætlun um innra eftirlit einstakra verkþátta og lýsingu á því hvernig eftirlitinu er sinnt. Halda skal skrá yfir niðurstöður innra eftirlits ásamt þeim úrbótum sem ráðist var í vegna athugasemda og frábrigða í úttekt.
 - ábyrgðaryfirlýsingar vegna útgáfu byggingarleyfa
 - tilkynningar til byggingafulltrúa og eigenda um byggingastjóraskipti
 - áætlun um innra eftirlit
 - samningar milli eiganda og byggingarstjóra
 - skrá yfir innra eftirlit, úttektir og niðurstöður þeirra
- c „skrá yfir móttækin hönnunargögn,“
 - skrá yfir móttækin hönnunargögn, verklýsingar og önnur gögn
- d „skrá yfir leiðbeiningar og samskipti við byggingaryfirvöld og aðra eftirlitsaðila,“
 - samningur við leysisveitanda varðandi heimild til áfangaúttekta
 - vottorð frá Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á
 - skýrslur og bréf um skoðanir og fyrirmæli byggingaryfirvalda og annarra eftirlitsaðila
- e „skrá yfir iðnmeistara og þá verkþætti sem þeir bera ábyrgð á, afrit af ábyrgðaryfirlýsingum þeirra sem og athugasemdir við störf þeirra,“
 - skrá yfir ábyrgðaryfirlýsingu iðnmeistara og þá verkþætti sem þeir bera ábyrgð á
 - athugasemdir við störf iðnmeistara
- f „skrá yfir áfangaúttektir og niðurstöður ásamt öryggisúttekt,“
 - Skrá yfir áfangaúttektir og öryggisúttekt ásamt skoðunarskýrslum
- g „skrá yfir hönnunarstjóra, hönnuði og athugasemdir til þeirra vegna hönnunargagna,“
 - Skrá yfir hönnuði og hönnunarstjóra hvers verks
 - Skrá yfir athugasemdir við hönnunargögn
- h „skráningu á öðrum ákvörðunum og athugasemdum byggingarstjóra...“
 - Skrá yfir samskipti við eiganda, hönnuði, hönnunarstjóra og iðnmeistara vegna ákvarðana og athugasemda um framkvæmdir
- i „lýsingu á lokaúttekt og undirbúningi hennar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, frágangi handbókar, þ.m.t. er lýsing á verki og skrá um samþykkt hönnunargögn.“

Byggingastjóra ber að safna saman öllum gögnum og skráum um hvert verk og afhenda eiganda eftir að lokaúttekt hefur verið framkvæmd. Gögn sem afhenda skal eiganda eftir lokaúttekt eru t.d.:

- Áfangaúttektir

- Handbók með lýsingu verksins
- Skrá yfir samþykkt hönnunargögn
- Vottorð eða staðfestingarskjöl vegna byggingarvöru

Nánari leiðbeiningar um handbókina er að finna í leiðbeiningum HMS um handbók mannvirkis nr. 16.1.1.

Tilvísanir

- Gátlisti /Skoðunarskýrsla HMS
- ÍST EN ISO 9001:2008
- ÍST 30:2003
- Leiðbeiningar um handbók mannvirkis nr. 16.1.1

Viðauki

Dæmi um efnisyfirlit gæðahandbókar:

Inngangur

Efnisyfirlit
Tilgangur
Löggilding
Menntun og hæfni starfsmanna
Vottun gæðakerfis

Verklag

Lög, reglugerðir og reglur
Leiðbeiningar HMS
Viðeigandi staðlar

Skráningar

Verkefnaskrá
Samningar
Skrá yfir samskipti við leyfisveitanda, HMS og aðra opinbera aðila
Skrá yfir ábyrgðaryfirlýsingar, byggingarstjóraskipti og iðnmeistaraskipti
Skrá yfir hönnunargögn og verklýsingar
Skrá um samskipti við iðnmeistara, hönnuði, hönnunarstjóra og eiganda
Skrá um áfangaúttektir verka og athugasemdir
Skrá um úrbætur vegna athugasemda
Öryggisúttekt
Lokaúttekt
Vottorð/efnislýsingar byggingarvöru

Handbók Innra eftirlit

Áætlun um innra eftirlit
Innri úttektir
Úrbætur vegna frábrigða í úttekt

Annað eftirlit

Vottorð og tilkynningar til Vinnueftirlits ríkisins eftir því sem við á
Ýmis leyfi
Annað

Ef notaðar eru tölvuskjár skal lýst hvar þær eru vistaðar og hvernig og hve oft þær eru afritaðar.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	8.11.2013
1.1	Minniháttar leiðréttingar	4.4.2014
2.0	e-liður leiðréttur skv. 3. breytingu byggingarreglugerðar	4.5.2016
2.1	Letur stækkað og tilvísun bætt inn	12.6.2018
2.2	e-liður leiðréttur skv. 8. breytingu byggingarreglugerðar	7.1.2019
2.3	MVS breytt í HMS og tilvísanir fjarlægðar	4.2.2020
2.4	Yfirlit yfir breytingar	15.12.2020